

Titill: Leikhússport 2

Skammstöfun: LEIK2CS05

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Leikhússport

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: LEIK2BS05

Áfangalýsing:

Áfanginn er framhaldsáfangi í leikhússporti. Markmið áfangans er að þjálfar nemendur enn frekar í spunavinnu og leikhússporti. Haldið er áfram að þjálfar nemendur í sömu atriðum og í grunnáfangi leikhússports en jafnframt munu nemendur framhaldsáfangans móta kennslu og miðla þekkingu sinni á leikhússporti og reynslunni af því að spinna fyrir framan áhorfendur til samnemenda í byrjunaráfangnum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Að miðla þekkingu og þjálfun í leikhússporti
- Gildi snerpu í spuna og leiklist almennt
- Mikilvægi samvinnu og samspils
- Að taka við „boltanum“ og gef' ann
- Þekkja reglur og stíla leikhússportsins
- Mikilvægi þess að segja sögu
- Skapandi hugsun

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Hvetja og efla samnemendur sem eru styttra komnir
- Vinna með spuna á mismunandi hátt
- Vinna með mismunandi leikhússportstíla
- Vinna saman í spunasýningum
- Einbeita sér í spunaaðstæðum
- Hlusta sig inn á aðstæður í spuna
- Hlusta á meðleikara
- Gefa og þiggja
- Skapandi hugsun
- Segja sögu í spuna
- Vinna með líkamann í spuna
- Beita rödd og framsögn í spuna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Kenna og þjálf leikhússport
- Taka þátt í leikhússporti
- Segja sögu í spuna
- Vinna með spuna út frá tillögum áhorfenda
- Skapa trúverðugar aðstæður í spuna á mjög stuttum tíma
- Skapa trúverðugar persónur án undirbúnings
- Vinna með líkama og rödd í leiklist
- Virkja ímyndunaraflið í tengslum við skapandi vinnu

Námsmat

Áfanginn er próflaus. Leiðsagnarmat er á vinnu nemenda. Mæting alla önnina gildir til einkunnar. Í framhaldsáfanga í leikhússporti er sérstakt mat lagt á hæfni nemenda til að miðla þekkingu sinni til annarra og efla færni þeirra sem styttra eru komnir. Gert er ráð fyrir að allir nemendur áfangans mæti á *Leiktu betur* keppni í skólanum.